Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til ellir/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

**Til bygginga**

Hef til sölu vinnuskúr (gámi 30 fet) einangráður með rafmagnstöflu og tenglum, vinnuborði og hillum. Verð 500.000 án vsk. Uppl. í síma 893 0790.

**SKÓLAR & NÁMSKEID**

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Fríðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík  
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313  
leiga@leiguherbergi.is

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**

120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludýr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

**LEIGJENDUR, TAKÍD EFTIR!**

Pið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

100 fm 4 herb íbúð í 101 Rvk til leigu, 75þ á mán. Eingöngu góðir langtímaleigjendur koma til greina. S 844 4505

60fm íbúð til leigu, þarfnað smá lagfæringa. sv. 104. Islenskum. S. 666 1801

**Sumarbústaðir**



Til sölu sumarbú - ferðaþjónustuhús - gesthús - hotelleiningar, gerum tilboð í aðrar teikningar. Upplýsingar á halliparket@gmail.com & 894 0048 Gagnheiði 5, Selfossi.




# NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í símann eða spjaldtölvuna.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



## FRÉTTABLAÐIÐ

# Pjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**BLIKK**  
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting  
Heildsala • Smásala  
**ishúsið ehf**  
Smíðuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Nú er rétti tíminn til að bóna!**



Ræstingar á fyrirtækjum og stofnunum er okkar sérsvið.  
Bónleysing og bónun. Gerum verðtilboð.

Sími 697-3694, Kristmundur. Netfang: tilhrif@simnet.is

## Gagnatengi



Sími 789 0500 • midlun@simnet.is

- Símalagnir
- Tölvulagnir
- Sjónvarpslagnir
- Fyrir heimili og fyrirtæki

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is



**VARAHLUTIR**  
Iveco • Benz • Man • Renault  
Varahlutapjónusta  
**VÉLANAUST ehf**  
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

## Parketslípun

sólpallasípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is



99%  
RYKFRTT



**BROTAFL**  
STEINSÖGUN • BORUN • BROT  
Brottafl ehf  
Símar 894 8040  
894 8044  
Fax 565 0050  
brottafl@simnet.is

**Jarðvegsvinna**  
**Steypusögun**  
**Kjarnaborun**  
**Múrbrot**  
**Húsarif**  
**Öll almenn verkakavinna**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Geymsluhúsnaði

**GEYMSLUR.IS**  
**SÍMI 555-3464**

Parftu Pitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)



Verslunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samviskusónum einstakling á helgarvaktir. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 13 apríl.

**BAKARAMEISTARINN SUDURVÉÐI**

leitar eftir ábyrgðarfullum, duglegum einstaklingum í pökkun, umsjá með dreifingu, tiltekt og aðstoð við bakara í vinnslusal. Helstu kröfur eru sjálfstæð - skipulögð vinnumbrögð, sveigjanleiki og jákvæðni. Starfið er fjölbreytt, krefjandi og hentar mjög vel fyrir morgunhánum. Vinnutími er : 05:00-13:00 Umsækjandi parf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Áhugasamir umsækjendur geta fyllt út umsókn á heimasíðu okkar bakarameistarinn.is

**FIRMA SSVERK.**  
zatrudni pracowników do prac ziemnych  
przy ukladaniu swiatlowodow.  
Oferujemy duzo pracy i duzo  
nadgodzin.  
prosze dane i tel wyslac mailem na zircon@simnet.is

## Atvinna óskast

**VANTAR PIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannajónusta - [Proventus.is](http://Proventus.is) S. 782-8800

**VANTAR PIG STARFSMENN?**

Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótega. Einnig dekkjamenn með meirapróf.

Við finnum réttu mennina fyrir pig.

Verkleigan sími: 780-1000

e: [vinna@verkleigan.is](mailto:vinna@verkleigan.is)



## ATVINNA

## Atvinna í boði

**SENDO**  
...redda ði

**551 1010**  
sendo.is

**THE DELI BANKASTRÆTI 14**

Starfsfólk óskast í fullt starf og hlutastörf við afgreiðslu, matreiðslu og þrif. Upplýsingar og fyrirspurnir sendist á [deli@deli.is](mailto:deli@deli.is)

**HOUSEKEEPERS**

Apartment Hotel in 101 Reykjavík seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: [jobs@apartmentkt.is](mailto:jobs@apartmentkt.is)

**AU PAIR USA**

Íslensk fjölskylda óskar eftir að ráða au pair í heilt ár frá og með í haust. Bandarískur ríkisborgaráréttur hjálplegur. Umsóknir sendist Jóhönnu á joagp@hotmail.com

Rótgróð verktakafyrirtæki óskar eftir mönnum í hellulagnir. Næg verkefni framundan, reynsla æskileg. Umsóknir og ferilskrár berist til [baldur@btverk.is](mailto:baldur@btverk.is)

Vélstjóra vantar á bát í ferðapjónustu með 408 hp-vél sem verður gerður út frá Húsavík. Parf að vera með stærra vélavarðanámskeið. Uppl. í s. 865 6832

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**


óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf. Parf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar aðeins veittar á staðnum milli 14:00 - 17:00 í dag og næstu daga.

Restaurant Italia is looking for a pizzabaker. Please contact us for 14:00 - 17:00 next days.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Maður um fertugt óskar eftir að kynnast konu milli 30-50 með samband í huga, opin f. öllu. Skiljið eftir nafn og símanr. á [bjarkibfs@gmail.com](mailto:bjarkibfs@gmail.com)



## skemmtanir

**BOLTINN Í BEINNI**

# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • [www.catalina.is](http://www.catalina.is)

**"Best geymda leyndarmál Kópavogs"**

**Leikir helgarinnar****Laugardaginn 9. apríl****11:35 W.Ham United - Arsenal****13:50 Swansea City - Chelsea****16:20 Man.City - W.B. Albion****Sunnudaginn 10. apríl****14:50 Liverpool - Stoke City****14:50 Tottenham - Man. United**

**Pórður Braga,  
Siggi Grétars,  
Bjarki Hall og  
Árni Hjalta  
spila um helgina.**

**Allir velkomnir**

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opíð alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn



ecco®

FOOTJOY

PING

Titleist®

ZO·ON  
ICELAND

# VIÐ ÓSKUM GKG TIL HAMINGJU MEÐ NÝJA ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ

Íþróttamiðstöðin verður opnuð með formlegum hætti laugardaginn 9. apríl kl. 16.

Boðið verður upp á léttar veitingar. Að formlegri dagskrá lokinni sjá afrekskylfingar GKG um golfþrautir víðs vegar um húsið. Opið verður til kl. 20.  
Sunnudaginn 10. apríl verður opið hús kl. 10–16. Allir velkomnir.

PIPARTBWA • SÍA • 16/970



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar | Vífilsstaðavegi | sími 565 7373

# Grafreitir og samfélagsleg mörk

**Steinunn J. Kristjánsdóttir**, prófessor í fornleifafræði, fjallar um tilflutning jarðneskra leifa af ólíkum tilefnum og við sérstæðustu aðstæður sem hafa komið furðu oft upp í sögu þjóðarinnar enda tilfinningamál á ferðinni.

## Hugrás

VEFRIT HUGVÍSINDASVIÐS  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fraðandi samstarf  
Fréttablaðsins og Hugrásar

Greinarnar birtast einnig á vefnum og stundum í lengri og ítarlegri útgáfu.

Heimildarskrá hugras.is

**S**á hvati að koma jarðneskum leifum látinna fyrir á endanlegum og viðeigandi stað hefur sennilega fylgt mannkyninu frá öndverðu. Hvatinn getur verið margs konar, mótaður af trúarlegum síðum, hugmyndum um persónulegan eða menningarbundinn eignarrétt, samkennd, þjóðernisrómantík eða einfaldlega meðaumkun með þeim sem minna mega sín og geta ekki lengur varið sig. Oft endurspeglar þannig hvers kyns grafreitir viðkvæm samfélagsleg mörk. Það kann því að hljóma þversagnakennt að fjölmög dæmi eru um að líkamsleifar séu ýmist fluttar út fyrir þessi mörk eða inn fyrir þau.

### Vígð og óvígð mörk

Eitt merkilegasta dæmi um tilfærslu beina er ef til vill það þegar ákveðið var að grafa upp og flytja bein skálðsins Jónasar Hallgrímssonar frá Kaupmannahöfn til Íslands árið 1946. Óljóst er raunar hvort rétt gróf hafi verið opnuð ytra en eftir að uppgrafnar leifar höfðu verið fluttar heim fyrir af stað farsakenn atburðarás þar sem beinunum var á endanum stolið í skjóli nætur. Upp spruttu síðan hatrammar deilur um það hvar þau ættu að enda: á heimaslöðum skáldsins í Öxnadal eða í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum, sem raunar var markmiðið í upphafli. Þetta dæmi sýnir að ástæður fyrir tilfærslu beina og líkamsleifar geta vissulega verið margslungnar en í tilviki Jónasar var deilt um það í hvaða kirkjugarði bein hans áttu að enda – ekki um það hvort þau myndu enda innan eða utan vígðra marka.

Í kaþólskum síð tíðkaðist það að vísu að taka upp bein merkra manna kirkjunnar og grafa aftur sem víðast, eins og til dæmis bein Hólabiskupanna Jóns Ögmundssonar og Guðmundar góða Arasonar. Þessi tilfærsla beina var vissulega trúarlegs eðlis en líka pólitisk.

Oft eru bein raunar grafin upp úr vígðum mörkum kirkjugarða í þágu vísinda og flutt til geymslu á safni, án mikilla athugasemda, en þegar tilfærslan á sér stað til þess að rýma fyrir nýjum samfélagslegum gildum getur flutningurinn á hinn bóginn orkað tvímaðis, eins og bent hefur verið á vegna yfirstandandi uppgraftar á Vikurkirkjugarði á lóð fyrir framan Landssímahúsið í miðbæ Reykjavíkur. Verður hluti þessa elsta pekkta grafreits Reykvíkinga tæmdur og bein flutt burtu en lóðin gerð að garði við 16 hæða hótel sem þar mun risa.

### Grænu stígvel

Því fer hins vegar fjarri að jarðneskar leifar fólks hafi einungis verið fluttar til vegna þjóðernisrómantíkur, hugmynda um eignarrétt eða í þágu vísinda og fraða. Kvíkmynd Baltasar Kormáks frá 2015, Everest, byggir á sannsögulegum atburðum um það þegar átta fjallgöngumenn fórust í hlíðum þessa hæsta fjalls veraldar í maí árið 1996.

Fraðgast þeirra er lík af ónefndum manni sem hlaut heitið „Grænu stígvel“ (e. Green boots) vegna grænna stígvela sem hann var í á göngu sinni. „Grænu stígvel“ urðu smám saman að kennileiti göngumanna á leið sinni á fjallið. Það var þó serstaklega eftir að annar fjallgöngumaður, Breti að nafni David Sharp, lést í sama hellisskúta á fjalllinu áratug síðar, í maí árið 2006. Lík hans var flutt þaðan árið eftir, þrátt fyrir mikinn fjárhagslegan kostnað og áhættu við flutninginn



Frá uppgreftrinum í Vikurkirkjugarði framan við Landssímahúsið í Reykjavík. FRÉTTABLAÐID/VILHELM



Millur sem fundur við bein Agnesar.



NOKKRIR  
SAMFANG-  
AR HENNAR  
BÁRU  
KISTUNA  
UPP Á  
HOLTIÐ OG  
GRÓFU  
NIÐUR Í  
GRUNNA  
GRÖF SEM  
ÞEIR HULDU  
GRJÓTI.

sem kostaði einn mann lífið. Fjallgöngumenn tóku síðan eftir því að árið 2014 var búið að fjarlægja „Grænu stígvelin“ – sumsé hið svonefnda lík. Sögsagnir segja að það hafi verið jarðsett en ekki er vitað hvar.

### Agnes og Friðrik

Fjölmörg önnur dæmi má nefna. Meðal kristinna áttu dauðadæmdir lengi vel ekki rétt á greftrun innan kirkjugarðs, ekki frekar en börn sem dóu óskírd eða þeir sem höfðu tekið eigið líf. Um þetta giltu strangar reglur en ekki síður síðir sem fylgt var, svo dæmi sé tekið, hér á landi langt fram eftir síðustu öld. Svo virðist hins vegar sem að fólk hafi oftar en einu sinni tekið sig til og laumað jarðneskum leifum sakamanna á viðeignandi staði.

Þetta gerðist til dæmis eftir að Agnes Magnúsdóttir, vinnukona á Illugastöðum, og Friðrik Sigurðsson, bónadsonur frá Katadal, voru tekin af lífi fyrir brot á landslögum, síðust Íslendinga, við Vatnsdalshóla í Austur-Húnnavatnssýslu hinn 12. janúar 1830. Voru þau hálhöggvin, höfðu þeirra sett á stangir og andlitin látin snúa í alfaraleið eftir aftökuna sem fór fram að viðstöddum öllum bændum í sýslunni, 150 talsins, til áminningar fyrir eftirlifandi.

Skömmu eftir aftökuna hurfu höfud Agnesar og Friðriks af stöngunum en líkamar þeirra höfðu þá þegar verið dysjaðir á aftökustað. Ýmsar sögur fóru á krekum um hvarfið. Sagt var að Guðrún Runólfssdóttir, húsfreyja á Þingeyrum, hefði sent vinnumann af bænum til þess að taka höfuðin niður og jarða í kirkjugarðinum þar. Í annarri sögu segir að smaladrengur frá Sveinsstöðum hafi hræðst þessi höfud svo mikil eða hann hafi tekið þau niður og grafið á staðnum. Síðari sagan kann að vera sönn, því þessi grimmilega aftaka sat svo lengi í sveitungum nyrðra að 100

árum síðar var ákveðið – að fengnu leyfi frá biskupi – að grafa kistur Agnesar og Friðriks upp úr dysjum þeirra og jarða þau í kyrrhey i hinum vígða kirkjugarði á Tjörn á Vatnsnesi. Skammt frá dysjunum tveimur fundust svo höfuðin tvö, ásamt 10 cm löngu broti úr annarri stönginni. Þau höfðu þá eftir allt verið dysjuð á sama stað – enda þótt enginn viti hver sá um það verk eða hvenær – en bæði líkamar og höfuð lágu allt leitt utan við þau samfélagslegu mörk sem grafreitir mynda meðal almennings.

### Steinunn frá Sjöundá

En þetta er heldur ekki eina þekkta dæmið um það að lík sakamanna hafi verið grafin upp og flutt á viðeigandi stað – sennilega vegna meðaumkunar og samúðar almennings gagnvart þeim sem voru berskjaldar fyrir hvers kyns auðmýkingu. Leynd hvíldi þá gjarnan yfir uppgreftrinum en líka útförinni, eins og í tilviki Agnesar og Friðriks.

Nafna míni, hin dauðadæmda Steinunn frá Sjöundá á Rauðasandi, var urðuð í trékistu á Skólavörðuholtinu

eftir að hún andaðist 31. ágúst 1805 í tukthúsinu á Skólavörðustíg. Nokkrir samfangar hennar báru kistuna upp á holtið og grófu niður í grunna gróf sem þeir huldu grjóti. Síðan stækkaði dysin

það að hún var í alfaraleið en vegfarnendur köstuðu gjarnan steini í hana. Þar lá jú sakavendið Steinunn Sveinsdóttir sem hafði verið dæmd til dauða, ásamt Bjarna Bjarnasyni frá sama bæ, fyrir að hafa í ást sinni á hvort öðru myrt maka sína. Skyldu þau hálhöggvin og höfud sett á stengur. Var Bjarni fluttur til Kristiansands í Noregi þar sem dómnum var framfylgt síðar um haustið 1805. Stjakinn sem höfðu Steinunnar átti að standa á var aftur á móti settur á gróf á staðnum. Síðari sagan kann að vera sónn, því þessi grimmilega aftaka sat svo lengi í sveitungum nyrðra að 100

lausri athöfn og beinin greftruð í vígðri mold í suðurvesturhorni kirkjugarðsins við Suðurgötum í Reykjavík.

Sakamenn töldust einnig þeir sem tóku eigið líf eða dóu óskírðir. Til eru ótal frásagnir af því þegar þeir voru jarðaðir, ymist utan eða innan garðs í laumi, allt fram á miðja síðustu öld. Í endurminningum sínum segir Hulda Á. Stefánsdóttir húsfreyja á Þingeyrum í Húnaþingi, svo frá:

„Þá var einnig merkt ofan á garðinn, hvar líkkistu hafði verið skotíð yfir hann. Sjúkur maður hafði fyrirfarið sér nokkrum árum áður en ég fluttist vestur. Urðu um það talsværðar deilur, hvort leyfilegt væri, að hann fengi leg i kirkjugarðinum á Þingeyrum. Þar hafði hann óskað eftir að hvíla, enda hafði hann átt heima í sökninni. Leyfi félkst með því skilyrði, að kistan yrði ekki borin inn um sáluhliðið, heldur yrði henni lyft yfir garðinn, skammt sunnan við hlíðið. Mörgum kann að þykja þetta ótrúlegt, en það er satt; kunningi minn sýndi mér mynd af því, þegar kistunni var lyft inn í garðinn.“

Parna var farið á svig við lög Guðs og manna og séð til þess að þess að ungi maðurinn fengi að hvíla innan garðs. Þessi var farið á svig við lög Guðs og manna og séð til þess að ungi maðurinn fengi að hvíla innan garðs.

### Samkennd

Það kann að vera að kjarni þessa viðkvæma og þversagnarkennda en ríka hvata til þess að færa jarðneskar leifar líkina í öruggt skjól liggi öðru fremur í menningarbundinni samkennd en líka meðaumkun með þeim sem ekki geta varið sig sjálfir, burtséð frá trú eða síðum. Áminningin um grimmileg örlög sakamanna, eins og t.d. Agnesar, Friðriks og Steinunnar, eða fjallgöngumannana tveggja, fyrst Grænu stígvelanna og síðan Davids Sharp, kveiktu án efa hvatnun að því að færa þau óll á vísu staði – hver svo sem hinn endanlegi staður er.



ATH:  
Framlengjum  
tilboð vegna  
frábærra  
viðbragða

# LOKSINS LOKSINS NEW BALANCE Í ÚTILÍF

Kynningartilboð:

**50% AFSLÁTTUR  
AF NEW BALANCE SKÓM**

FRÁBÆRT ÚRVAL AF SKÓM Á FRÁBÆRU VERÐI

Verðdæmi:

Tilboðsverð: **7.995 kr.**

Fullt verð: 15.995 kr.



Tilboðsverð: **16.495 kr.**

Fullt verð: 32.990 kr.



**ÚTILÍF**

síðan 1974

# Gingatan til Heljar



**Stefán Pálsson**

skrifar um bindindi  
og bjór.

**F**áir listamenn hafa haft jafn viðtæk samfélagsleg áhrif með list sinni og enski málarinn William Hogarth. Hogarth, sem stóð á hátindi frægðar sinnar um miðbik átjándu aldar, var jafnvígur á fjölda listgreina. Vinsælastar urðu þó koparristur hans með síðabóðskap, sem sýndu á skoplegan hátt muninn á hlutskipti þeirra sem völdu réttar og rangar brautir í lífinu. Hafa sumir fyrir vikið kallað Hogarth einn af frumkvöðlum myndasgunnar.

Á árunum 1732-3 gerði Hogarth átta málverka röð sem hlaut nafnið Rake's Progress og sýndi æskumanninn Tom Rakewell sem tæmist arfur eftir föður sinn og heldur til Lundúna að lifa í vellystingum. Á fyrstu myndunum leikur allt í lyndi og spjátrungurinn Tom nýtur borgarlífsins umkringdur fölskum vinum. Með tímanum hallar undan fæti: fjárhættuspil, vændiskonur og að lokum peningaleysi fara með unga manninn í hundana og hann endar á geðveikrahæli.

Myndaröð þessi er í dag talin meðal öndvegisverka enskrar lista-sögu og var fljóttlega prentuð og komst í almenna dreifingu um allt Bretland. Áhrifamáttur sliks áróðursmynda var mikill ekki hvað síst í samfélagi þar sem lestrarkunnatva var takmörkuð.

## Gin eða ól?

Nokkrum árum síðar, 1751, sendi listamaðurinn frá sér tvær myndir af svipuðum toga sem áttu ekki



## ... UM 1730 HAFI HVER LUNDÚNABÚI DRUKKIÐ MEIRA EN LÍTRA AF GINI Í VIKU HVERRI.

síður eftir að hafa mikil áhrif á viðhorf samlanda hans. Þetta voru verkin Björstræti og Gintröð (e. Beer Street og Gin Lane). Síðarnefnda sýndi götumynd í örvingluðu og úrkynjuðu samfélagi, þar sem fólkio drakk gin af stút og hirti litt um últit sitt og umhverfi, þannig kippir dauðadruckin móðir sér ekki upp við það þótt hún missi barnið sitt yfir handrið og menn og skepnur liggja saman í ræsinu og bíast á um kjötbeini.

Á Björstræti gegndi öðru máli. Þar

voru allir feitir og pattaralegir. Viðhaldi húsa var ágætlega sinnt, listmálarar voru að störfum á hverju götuhorni og sýlspikaðir björbelgir létu vel að ungum og fögrum stúlkum. Allir á myndinni eru hamingjasamir, nema einn: veðmangarinn – sem fær enga viðskiptavini. Skýrari gátu andstæðurnar vart orðið.

Listaverkum pessum var ætlað að styða við lagafraumvarp sem lá fyrir breska þinginu til að draga úr neyslu og framleiðslu á gini. Varð frumvarpið að lögum þetta sama ár og fóli í sér algjöra kúvendingu á stefnu stjórnvalda.

Hollenskt gin barst fyrst til Englands á síðasta áratug sautjándu aldar í kjölfar þess að Niðurlendingurinn Vilhjálmur frá Óraníu tók við ensku krúnunni og varð þegar vinsælt. Stjórnvöld í Lundúnum hófu fljóttlega að ýta með ráðum og dáð undir eimingu sterkra drykkja. Tilgangurinn var meðal annars sá að draga úr innflutningi á frónskum vínum og koníaki en ekki síður að búa til afurðir sem selja mætti nýlendum í öðrum heimshlutum og bæta þannig vörum skiptajöfnudinn.

### Drykkjusvolar

Afleidiðingarnar urðu sífellt ódýrara gin á heimamarkaði með vaxandi drykkjuskap og félagslegum vanda-máum. Hefur verið áætlað að um 1730 hafi hver Lundúnabúi drukkið meira en lítra af gini í viku hverri! Þótt höfuðborgarbúar væru ginnkeyptastir fyrir gini (hnyttini að yfirlögðu ráði) var landsmeðaltalið einnig hátt eða um 10 lítrar á ári.

Löggjöfinni frá 1751 var ætlað að snúa við óheillaþróuninni. Ýmsar skorður voru settar við rekstri ginframleiðenda og skattlagning aukin. Fáeinum árum síðar dró verulega úr ginfárinu á Englandi, þótt sagnfræðinga greini á um hvort það hafi verið löggjafanum að þakka eða hvort hækkan á hráefnisverði hafi þar ráðið mestu.

Meðal þess sem ensk stjórnvöld gerðu til að vindu ofan af ginþambinu, var að styrkja stöðu samkeppnisdrykkja. Annars vegar með því að greiða fyrir innflutningi á tei en hins vegar að hvetja almenning (einkum karla) til að drekka meiri bjór í staðinn. Þær átakalínur áttu svo eftir að skerpast mjög í næstu stóru bindindisbylgju í Bretlandi.

Þótt drykkja á sterku áfengi næði aldrei aftur haðum fyrri hluta 18. aldar, var ofdrykkja eftir sem ádur vandamál. Vitundarvakning varð á þriðja áratug nítjándu aldar, sem átti sér ýmsar rætur. Breska þingið vildi, líkt og áttáttu árum fyrr, bregðast við ofneyslu sterkra drykkja með því að beina almenning frekar að bjór.

Árið 1830 var sett löggjöf um brugg-



### Norræna leiðin

Hin rótgróna bjórmennning Bretta reyndist ofjarl bindindishreyfingarinnar þar í landi. Krófur um algjört bann við áfengi náðu aldrei eyrum ráðamanna og nutu takmarkaðs stuðnings. Útan landsteinanna voru undirtektir þó aðrar og meiri. Góðtemplarareglan kom fram í Bandaríkjunum um miðbik aldarinnar og steypiti saman bindindishugmyndum úr smiðju Liveseys og skipulagi reglna á borð við Frímúrara. Templarar urðu veigamikið þjóðfélagsafl vestan hafs og styrkur þeirra varð sömuleiðis mikill á Norðurlöndum.

Árið 1843 höfðu Fjölnismenn haft forgöngu um stofnun Hófsemdarfélags, sem miðaði að því að draga úr áfengis-neyslu Íslendinga (þótt vissulega hafi meðlimir hópsins tekið boðskapinn misvalarlega). Hófsemdarfélagið sem kynnt var í Fjölni var innblásíð af boðskapnum frá Bretlandi, en hneigðist þó fremur til mildari línumnar sem heimilaði bjórdrykkju. Mátti raunar fera heilsufarsleg rök fyrir því að drekka frekar bjór en vatnið úr brunnum um í Kaupmannahöfn.

Líkt og á svo mörgum öðrum svíðum töluluðu Fjölnismenn fyrir daufum eyrum Íslendinga þegar kom að bindindismálum. Góðtemplarareglan barst loks til Íslands frá Noregi um miðjan niunda áratug nítjándu aldar. Hún fór sigurför um landið og varð líklega oflögusta félagsreyfing sem Ísland hefur augum liði.

Templararnir veittu enga afslætti af bindindi sínu og allar raddir um að fallast á bjór sem illskárr val-kost við brennivín voru kæfðar. Það reyndist afdrifirkt fyrir þann litla vísi að bjórmenningu sem farin var að myndast á Íslandi undir lok nítjándu aldar. Eftir nokkrar bjórlausar aldir, hafði bjórlinnflutningur til Íslands tekið kipp, einkum eftir 1870. Skiptu þar máli viðskiptatengslin við Danmörku, en dönsku fyrirtækin Carlsberg og Tuborg voru leiðandi á heimsvisu í sölu á flóskubjór landa á milli, en breyttar síðenjur höfðu ekki síður sitt að segja. Íslenska borgara- og embættismannastéttin var að tileinka sér erlenda síði, þar sem það hætti að teljast félagslega viðurkennt að vera pöddufullur á almannafæri. Fínir menn í Reykjavík fóru því í vaxandi mæli að skipta út brennivínsþyttni fyrir dansk öl og heitt toddy.

Aukin bindindissemi ýtti þannig timabundið undir neyslu Íslendinga á áfengum bjór, en kippti svo fótunum undan henni fæinum árum síðar. Aldamótaárið 1900 var framleidsla sterkra drykkja en 2,25% bönnuð í landinu og þegar almennu áfengis-bann var komið á var bjórlinn með á bannlista og þar við sat allt til fyrsta mars 1989.

## YKKAR FÉLAG



## AÐALFUNDUR FÉLAGS TÆKNIFÓLKΣ Í RAFIÐNAÐI

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn í húsneði RSÍ að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin miðvikudaginn 13. apríl 2016 kl. 17.


### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins Kosning fulltrúa á ársfund Stafa Önnur mál

Reykjavík 31.04.2016

Stjórn  
Félags Tæknifólks í rafiðnaði

# STÓRVIRKI



„Petta er mikið verk  
og mjög mikilvægt að fá  
bessa bók á íslensku.“

EGILL HELGASON / KILJAN



Hér fjallar ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON  
á aðgengilegan hátt um vestræna  
tónlistarsögu allt frá kaþólskum kirkju-  
söng til nýjustu hræringa í tónlist  
nútímans. *Saga tónlistarinnar* er veg-  
leg bók sem hentar jafnt tónlistarfólki,  
tónlistarunnendum og tónlistarnem-  
um, sem og öllu áhugafólki um listir  
og menningu.



[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar,  
**Ragnar Jóhann Lárusson**  
frá Grímstungu,  
ést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð  
fimmtudaginn 7. apríl sl.  
Jarðarförin verður aug lýst síðar.

Lárus P. Ragnarsson  
Sigrún K. Ragnarsdóttir  
Halldóra B. Ragnarsdóttir  
Ásdís L. Ragnarsdóttir  
og fiðlsvýldur.



**Rafnkell Olgeirsson**  
Seljabrekku,  
til heimilis að Hjallaseli 55,  
lést þann 19. mars sl.  
á Landspítalanum við Hringbraut.  
Útför fór fram í kyrrþey bann 1. apríl  
í Fossvogi að ósk hins látna.



*Við erum til staðar  
þegar þú þarfst á  
síðum að hælda*

## **Elín Sigrún Jónsdóttir, löqfræðingur**

### *Hinsti vilji*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlysing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

## Útfararstofa kirkjugarðanna

### Útfarar- og lögfræðibjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvoqi | Sími 551 1266 | [útför.is](#)



Þrátt fyrir að umræðuefnin á afmælshátið Samtaka um endómetriósu verði á köflum alvarlegt, eru þau Reynir Þómas Geirsson prófssor og Silja Ástþórssdóttir, formaður Samtaka um endómetriósu, komin í góða skapið í tilefni hátiðarinnar. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

# Það var verið að taka úr konum kynkirtlana

Samtök um endómetríósu eiga tíu ára sögu á Íslandi og halda afmælishátið í dag í Norræna húsinu. Reynir Tómas Geirsson prófessor og Silja Ástþórsdóttir, formaður samtakanna, settust niður til að líta um öxl og fram á við. Þau stíga bæði í pontu í dag.

„Samtökin eru tíu ára og okkur fannst full ástæða til að halda upp á þau tímamót, líta yfir svíðið, skoða hvað hefur áunnist, hvað megi betur fara og styrkja systraböndin ásamt fjölskyldu og vinum,“ segir Silja Ástþórssdóttir, formaður Samtaka um endómetríosu, um afmælishátið samtakanna í Norræna húsinu í dag sem hefst klukkan 13.30.

sjúkdóminn svoltíð. Óft var ráðið að taka eggjastokka úr konunum, það er eins og að taka eistun úr körlum og það er kallað að gælda – það var verið að taka úr konum kynkirtlana.“

„Reynir Tómas mun rifja upp aðdraganda þess að samtökin voru stofnuð og Auður Smith kvensjúkdómalaeknir fjalla um stöðu mála. Margar konur með endómetriósu munu deila sinni reynslu af sjúkdómnum og boðið verður upp á fyrirspurnir í lokin. Inn á milli verða svo tónlistarartriði svo ég á von á að við slá meðum ólli kven um sér.“

Um 400 til 800 konur eru á hverjum tíma með virk vandamál vegna endómetriósu í samfélaginu, að sögn Reynis Tómasar, en milli tvö til þrú þúsund konur hafa haft meiri eða minni vandamál af sjúkdómnum á sínu frjósemi- iskeiði. Sumar eru útilokaðar frá vinnu vegna verkja nokkra daga í mánuði og margar glíma við ófrjósemi tengda sjúkdómnum pannig að hann rýrir lifsgæði verulega.

skemmtum okkur vel saman.”  
Reynir Tómas segir endómetriósuna hafa verið útskýrða fyrst 1921 en vitneskju um sjúkdóminn hafa aukist hægt eftir það.  
„Á Íslandi var samt alltaf bara talað um blöðrur á eggjastokkum en oft var gamalt blöð inni í þeim sem minnti á seigfljótandi súkkulaði í útliti. Það var ekkert sniðugt þegar læknar sögðu kannski við konu: Þú varst með súkkul- aðiblöðrur inni í þér og ég er búinn að taka þær. Hvað átti hún að halda? Læknar vissu hvað þetta var – á laekna- málí – en áttu erfitt með að útskýra það og þekktu ekki eðli sjúkdómsins. Lengst af voru engin góð lyf til en þegar pillan kom fyrir um 50 árum dró hún úr blæðingum og minnkad einkenni sjúkdómsins og fyrir um 20 árum komu svo kölluð andhormón sem gátu bremsað

Oft var ráðið að taka eggjastokka úr konunum, það er eins og að taka eistun úr körlum og það er kallað að gelda.

Reynir Tómas Geirsson, professor

10 ára afmæli

Á afmæliðátiðinni verða auk fræðsluerinda fagfólks og ávarps formanns sagðar endósögur og flutt fjölbreytt tónlistaratriði. Kynnir er Bylgja Babylons. Léttar veitingar. Skráning er á endo.is.

„Á Norðurlöndunum eru sérstakar göngudeildir fyrir endókonur og brýn þörf er á slíkri deild hér í tengslum við Kvennadeild Landspítalans. Sjálf þurfti ég að fara sérfræðinga á milli þegar ég fór að taka heilsuna föstum tökum því endómetriósu fylgja margþaett vandamál. Svo þegar konur eru í bráðaverkjakasti hafa þær engin önnur ráð en að fara á bráðamöttökuna þar sem þær geta þurft að bíða lengi og ekki víst hversu vel sá læknir sem þær hitta þekkir sjúkdóminn. Afleiðingin er sú að margar konur veigra sér við að leita sér hjálpar í verkjaköstum.“

# Varðveita dansk-íslenska framburðinn á nýjum vef

Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá því dönskukennsla hófst við HÍ er efnt til ráðstefnu í dag í Þjóðminjasafninu og einnig opnaður nýr vefur um Dani á Íslandi, danis.is.

„Við erum að koma upp gagnagrunni sem við köllum danis.is. í samvinnu við Landbókasafnið og sagnfræðinga og erum þegar komin með nokkur einkaskjalasöfn. Það eru svo margir Danir sem hafa búið hér, verið gestir, ferðast um landið og eiga merkilegar myndir og aðrar heimildir í fórum sínum,” segir Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finn bogadóttur í erlendum tungumálum.

Hún segir vefinn einkum snúast um Dani á Íslandi. „Hér voru margir danskir kaupmenn og embættismenn í upphafi síðustu aldar en upp úr stríði kom hingað fjöldi af ungu fólk, iðnaðarmönnum, hjúkrunarkonum og fleiri stéttum í leit að tækifærum og betra lífi. Enn eru fyrstu handar heimildir til hjá þessu fólk, bréf, myndir, frásagnir og ýmis gögn sem við sækjumst eftir.“

Hún nefnir áhugaverðan kassa sem vefnum áskotnaðist frá hjónum í Kaaberfjölskyldunni með gögnum frá fyrsta bankastjóra Landsbankans og privat bréfum hans, ýmsu um félög Dana á Íslandi og myndum sem voru teknar við lýðveldisstofnunina bæði á Þingvöllum og í Reykjavík.

„Við erum með viðtöl á hljóðskrám við eldri Dani sem bjuggu hér og töludu blöndu af dönsku og íslensku. Það er gaman að eiga þann framburð því eftir nokkur ár veit enginn hvernig hann var.“



„Það er athyglisvert að vita hvernig var að vera Dani á Íslandi á örlagatímum í samskiptasögu landanna þegar Íslendingar voru að losa sig undan valdi Dana,” segir Auður. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

**Það eru svo margir Danir sem hafa búið hér, verið gestir, ferðast um landið og eiga merkilegar myndir í fórum sínum.**

Auður segir líka frá ráðstefnu sem námsleið í dönsku hjá HÍ heldur í dag í fyrirletrasal Þjóðminjasafnsins og nefnist Á mótmum danskrar og íslenskrar menningar. Hún hefst klukkan 13, aðgangur að henni er opinn öllum og fritt er inn. gun@frettabladid.is



Yndislega mamma okkar,  
**Erla Kristjánsdóttir**  
í Grundargili  
er látin.  
Aðstandendur.



Okkar ástkærur  
foreldrar,  
tengdaforeldrar,  
afi og amma,  
**Stefán Aðalbjörn Jónasson**  
sem lést á Sjúkrahúsini á Akureyri þann 30. mars sl. og  
**Brynda Heiðdal Jónsdóttir**  
sem lést á Sjúkrahúsini á Akureyri þann 4. apríl sl., verða  
jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. apríl  
kl. 10.30.



Eskuleg eiginkona míni, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Elsa Ingibjörg Jóhanna Guðmundsdóttir**  
frá Felli í Árneshreppi,  
til heimils að Eyrarfjölt 6, Akranesi,  
lést á sjúkrahúsini Akraness þann 7. apríl sl.  
Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn  
15. apríl kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,


Mariás Hjálmar Björnsson  
Ragnar Elias Mariásson      Theodóra Gústafsdóttir  
Guðmunda Mariasdóttir      Guðmundur Guðmundsson  
Vignir Smári Mariásson      Maria Paley Gestsdóttir  
Einar Indriði Mariásson      Inga Lilja Guðjónsdóttir  
Guðlaugur Ingi Mariásson      Drífa Gústafsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar og tengdafaðir,  
**Elí Auðunsson**  
húsasmíðameistari,  
lést mánudaginn 4. apríl.  
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Pórunn Elídóttir  
Jórunn Elídóttir  
Björn Elíson  
Auðunn Elíson  
Bryndís Malla Elídóttir  
Helga Elídóttir

Hörður Kjartansson  
Bára Traustadóttir  
Valgerður Þórðardóttir  
Fjalar Jörundsson



Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir og aði,  
**Kristján Leó Pálsson**  
Akranesi,

lést laugardaginn 2. apríl  
á Landspítalanum. Útförin fer fram frá  
Akraneskirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 13.

Ólafur Kristjánsson  
Kolbrún Kristjánsdóttir  
Svanhildur Kristjánsdóttir

Íris Arþúrsdóttir  
John Haagensen  
Ellert Ingvarsson  
og afkomendur.



Þökkum samúð og hlýjar kveðjur  
vegna andláts og útfarar  
okkar ástkværa  
**Magnúsar Ragnars Gislasonar**  
fv. yfirtannlæknis,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi  
2. mars sl. Útförin fór fram frá Dómkirkjunni 11. mars.



Yndislegi sonur okkar og broðir,  
**Oddgeir Guðleifsson**  
f. 26. febrúar 1979,

lést 20. mars síðastliðinn.  
Jarðarförin hefur farið fram.  
Þökkum yndislegan stuðning  
kæra fjölskylda og vinir.

**Guðleifur Guðmundsson      Guðny Hildur Árnadóttir**  
Gunnar Pétur og Ársæll Hersteinn



Ástkvær sonur okkar,  
**Sigurður Jónas Guðmundsson**  
Bergþórugötu 61,

lést mánudaginn 4. apríl. Útförin  
fer fram frá Hallgrímskirkju,  
fimmtudaginn 14. apríl kl. 15.00.

**Pórunn Sigurðardóttir**  
Guðmundur Hálfdanarson




Eskuleg eiginkona míni, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,  
**Sveinrós Sveinbjarnardóttir**  
hjúkrunarfæringur,  
andaðist að heimili sínu, Hörvík,  
Álfanesi, miðvikudaginn 6. apríl  
síðastliðinn í faðmi fjölskyldunnar.  
Útförin verður auglýst síðar.



**Haukur Heiðar Ingólfsson**  
Halldór Hauksson  
Margrét Hauksdóttir  
Inga Dóra Hauksdóttir  
Haukur Heiðar Hauksson

Ragnheiður Bjarnadóttir  
Stefnir Skúlason  
Guðny Kjartansdóttir  
og barnabörn.



Ástkvær móðir okkar,  
**Sigríður Bárðardóttir**  
frá Jarðlangsstöðum, Mýrasýslu,  
andaðist þriðjudaginn 5. apríl  
á Hrafnistu í Reykjavík.

Útförin verður auglýst síðar.  
Fyrir hönd aðstandenda,  
Sigríður Bára Einarsdóttir, Puriður Einarsdóttir,  
Kristín Einarsdóttir, Fanney Einarsdóttir og  
Jóhannes Guðmundur Einarsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is  
eða hringja í síma 512 5000.



# KROSSGÁTA

## LÁRÉTT

- 1 Algerir byrjendur, þessir frumkvöðlar (11)  
 11 Svo vammlaus að þau eru nefnd í höfuð ráðvendni sinnar (10)  
 12 Þvílík dásmed, þessi gæsahúð! (11)  
 13 Hér segir af þeim sem hvergi komust að og engan pekktu (10)  
 14 Niðurstaða: Finir hornsþórr, en óttaleg ólagni samt (11)  
 15 Líkamlegar þarfir láta mig naga allt sem nagað verður (10)  
 16 Segir sá helsti með vit: Þeirra er forsjáin mest (9)  
 17 Þessi karl í brúnini er rólegheitin uppmáluð (8)  
 19 Síg með tā við ysta haf (9)  
 22 Svona illa undirbuin sjóferð dreppur fleiri en einn og fleiri en two (6)  
 25 Hraðfara fárvíðri og lómunin sem fylgir því (7)  
 29 Til að komast í hjólagir þarf ég svona gráju (8)  
 32 Birti tíma karls á vegum iþróttafélags (7)  
 33 Smók fyrir gróp eða net? (7)  
 34 Lindýr eru finasti skýndibiti! (8)  
 35 Það sem X og X segja um fjölda (7)  
 36 Geturðu sungið Draumahlé? (7)  
 37 Hefur verið metið hve oft þetta félag talar með tungubroddinum? (8)  
 38 Blíð eftir æðiskast, jafnvelf blíð (7)  
 39 Vöndu sig á vöndu (5)  
 40 Hér má fiska í skjóli myrkra náttu (8)  
 42 Meðvitundin eltar legg í sýndarveruleika (9)  
 44 Ef þau ná snyrti fer mjólk ársins öll í graut (8)  
 45 Kemur nú á daginn hvert ykkar sýnir mesta tryggð (7)  
 46 Snejða af mér höfuðleðrið og æða svo með það í sneiðingana (6)  
 47 Ásarnir byrja þar sem stútarnir enda (8)

## LÓÐRÉTT

- 1 Ertu að tala um dag árásar eða atvinnuviðts? (11)  
 2 Ókostir þessara pjakka eru þessi hlífðarföt (11)  
 3 Náðust til þess sem þau gerðu (9)  
 4 Marksæknar skepnurnar leita í skörðin, og hin kvíkindin líka (9)  
 5 Rækta hrís gamallar og snarvitlausrar manneskjum (10)  
 6 Þessar ákvæðnu braekur eru nokkurnveginn búnar (8)  
 7 Nei, þau skera ekki tré hist og her, það er víst bara myta (10)  
 8 Mætti ég þá risavöxnum jötni (9)  
 9 Held á 51 amerískri únsu, eins og löngu dautt, franskt tónskáld (7)  
 10 Nei, ekki skandinavísku sokkana, heldur þessa litlu bláu (9)  
 18 Svona orkugrind er góð fyrir 34 lárétt (13)  
 20 Þetta ljóð er ort undir fullkomnum plúshætti (9)  
 21 Heyrast þá hróp hirðar á nornir (10)  
 23 Hvernig líst þér á framvindu kyns með tilliti til gangs? (12)  
 24 Er hægt að fá her nær hjarta þeirrar sem síðast för? (12)  
 26 Náði Bárú niður með snjónum (11)  
 27 Sló Hilmi og þá varð ríkið lýðveldi (9)  
 28 Blíður er óttunnar andvari (9)  
 30 Set feitan á ís ef lögnin er mikil (10)  
 31 Flokka orkugripina í samræmi við kraftinn í þeim (10)  
 41 Átta ára stelpuskott (4)  
 43 Fita á fati mun tikka sem klukka (4)



lausnarorð síðustu viku var

**MÁLVERKASÝNING**



**VEGLEG VERÐLAUN**

Víkulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og faer vinningshafi eintak af Undirgefni eftir Michel Houellebecq frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var Pálmars Kristinsson, Reykjavík.



## LAUSNARORD

Ef bokstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fyrirbaði sem þarf að finna fyrir hverjum. Sendið lausnarordið í síðasta lagi 14. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. apríl“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttингar ef þörf krefur.



17. júní í Reykjavík 2016

## Dagskráratríði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningarátríðum fyrir þjóðhátiðarskemmtunum í Reykjavík. Í dagskránni er gert ráð fyrir barna- og fjölskylduskeskemmtunum á svíðum, tónleikum, leiktaekjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum en hátiðasvæðið í ár verður í Hlíðarskálagarði og í kringum tjörnuma og fer dagskráin fram síðdegis á 17. júní.

Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum 17juni.is en umsóknunum má einnig skila í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknarfrestur rennur út fimmtudaginn 12. maí

Upplýsingar í síma 411 5502 eða á 17juni@reykjavik.is



Hitt Húsið • Pósthússtræti 3-5 • 101 Reykjavík Sími 411 5500

Vissir þá að...  
 þótt eiga rétt á aðstað  
 og hækur ekki kenda í ofbætti

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

## Prautir

**Bridge** Ísak Örn Sigurðsson

## Sérstök fórn

Búið er að velja landsliði í opnum flokki. Sveinn Rúnar Eiríksson og Þróstur Ingimarsson voru búnir að vinna til sætisins með því að vinna landsliðskeppnina með 312 impa í plús. Auk þess voru Jón Baldursson-Sigurbjörn Haraldsson, sem höfnuðu í öðru sæti landsliðskeppninnar með 265 impa í plús og Þorlákur Jónsson-Magnús E. Magnússon, valdir í opna landsliðið. Spil dagsins er frá annarri lotu síðustu helgarinnar í landsliðskeppninni með Jón og Sigurbjörn í NS. Vestur gjafari og AV á hættu:

**Norður**  
 ♠ G96  
 ♥ ÁD2  
 ♦ G632  
 ♣ KD2

**Vestur**  
 ♠ ÁKD52  
 ♥ KG107654  
 ♦ 10  
 ♣ -

**Austur**  
 ♠ 108743  
 ♥ 9  
 ♦ AD754  
 ♣ G5

**Súður**  
 ♠ -  
 ♥ 83  
 ♦ K98  
 ♣ Á10987643

Vestur opnaði á einu hjarta, austur sagði 1♣ og Jón Baldursson ákváð, á hagstæðum hættum, að koma inn á 5♣. Vestur sagði 6♦ til að sýna eyðuna og austur sagði 6♦. Vestur sagði þá 6♣ og Sigurbjörn, í norður, ákváð að segja 7♣ í norður þó að hann ætti ÁD í hjarta. Enda eru 6♣ auðunnir og voru spilaðir á 4 borðum af 6 í landsliðskeppninni. 7♣ voru dobluð en Sigurbjörn fann að spila tígulgosa í upphafi og slapp einungis 1 niður í þessum samningi. Fyrir það þáðu Jón og Sigurbjörn 15 impa.

## Skák

Gunnar Björnsson

## Hvítur á leik



Sigurður Danielsson (1.763) lauk skák sinni gegn Hjörlefi Halldórssyni (1.824) á laglegan hátt á Skákþingi Hugins (norðursvæði).

**56. Be5!** (miklu einfaldara en 56. f4 Bxc8 57. Dxc8 Re7 og svartur getur barist áfram) **56..Dxe5 + 57. f4!** og svartur gafst upp. Siggi Dan stóð uppi sem sigurvegari á mótinu.

**www.skak.is:** Íslandsmóti barnaskólasveita í Rimaskóla.

## Sudoku

### LÉTT

4		3	9	2					
8					7				
1	2				4	6			
		1	8	3	7	9			
2		9	4			8			
	7	6	1				4		
6		4					7		
		3	9	8					
7	9	2			1	4	3		

### MÍDLUNG

5				7		2			
9	1		5		4				
2	3	4			9	5			
					5		4		
4	2				6	7	1		
6									
4	7	1			3		2		
6	8	9							

### PUNG

8	4		1						
								7	8
	1							3	
6	8	5							9
9		2	7						4
	5	9							
6		7						7	2
		3						6	
							2	9	1

## LAUSNÍ SÍÐUSTU SUDOKU

2	1	7	3	6	8	5	4	9	
8	5	6	4	1	9	3	2	7	
4	9	3	5	2	7	8	6	1	
6	8	4	2	9	3	7	1	5	
3	2	5	7	4	1	9	8	6	
9	7	1	6	8</					

# Kaffidagar

Allar kaffivörur  
á allt að 50% afslætti.  
Aðeins í nokkra daga!

Kaffivélar, sjálfvirkar  
kaffivélar, espressovélar,  
kaffikvarnir, pressukönnur,  
espressokönnur, kaffibox,  
kaffikönnur, hitabrúsar,  
flóunarkönnur og  
margt fleira.



BRÄUN

AEG

PHILIPS

SEVERIN



Delonghi

THERMOS® wilfa



Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)



## byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTTOGBUID.IS




## Konráð og félagar á ferð og flugi 194

Bragi Halldórsson

„Hver er nú þessi þraut?“ sagði Róbert hugsi. „Þrautin er þessi,“ sagði Lísaloppa og spenningurinn leyndi sér ekki í röddinni. „Getum við dregið þrjú bein strik á milli eplanna svo hvert epli verði í sér hólf?“ „Hm,“ sagði Kata. „Bara þrjú strik?“ Hún efaðist um að það yrði nóg.

Getur þú teiknað þrjú bein strik á milli eplanna svo að hvert þeirra verði í sérhólf?



### Gátur

1. Hvað er hägt að finna í tómum vasa?
2. Hvað tröll og draugar eru til í veruleikanum?
3. Hvað getur mús dregið jafn auðveldlega og fill?
4. Tvær leiðir eru inn í húsið. Þegar maður er kominn út með fæturna, þá fyrst er maður almennilega kominn inn. Hvað er þetta?
5. Hvað er það sem hefur fætur, en getur þó ekki gengið, ber mat, en getur ekki borðað?

1. Gát. 2. Tryggðarölli. 3. Andanum. 4. Buxurmar. 5. Pottur.

### Meðferð við háraðaslini - Tilboð



**10% afsláttur** af  $2 \times 30$  mín. meðferð

**15% afsláttur** af  $3 \times 30$  mín. meðferð

**20% afsláttur** af  $4 \times 30$  mín. meðferð

Miðast við samfelldan meðferðartíma.

#### Hljóðbylgjumeðferð

Fjarlægir háraðaslit í andliti, háraðastjörnur, blóðblöður og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**

Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háraðaslit endanlega.



Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snýrtistofanhafblik@gmail.com



Leó, Salka, Tianyu og Guðný (sem sér um Sólkum) í góðu yfirlæti á Borgarbókasafninu. MYND/PORBJÖRG KARLSDÓTTIR

## Hundurinn tók bókina upp með munnum

Bræðurnir **Leo Cao Romero Mouy**, sem á sjö ára afmæli í dag, og **Tianyu Cao Romero Mouy**, sex ára, lásu upphátt fyrir hunda í boði Borgarbókasafnsins síðasta sunnudag og þeir lásu á íslensku.

**Leo og Tianyu, af hverju heitið þið svona skrifnum nöfnum?!**  
Leo: Af því foreldrar okkar eru frá öðrum löndum.

**Tianyu:** Já, mamma er frá Frakklandi og pabbi frá Mexikó. Ég er fæddur í Kína og var ættleiddur til Íslands árið 2012 og Tianyu er kínverska nafnið mitt.

**Leo:** En ég er fæddur á Íslandi. Við höfum verið í Mexikó nokkrum sinnum og oft í Frakklandi og erum orðnor vanir að ferðast í fylgd með flugfreyju.

**Skiljið þið og lesið mörg tungumál?**  
Leo: Já, íslensku, og svo eitt hvað í frónsku og spænsku.

**Hvað lásuð þið fyrir hundana?**

Leo: Ég las bókina Lesum saman fyrir hund sem heitir Latínó.

**Tianyu:** Og ég las Rauðhettu fyrir tíkina Sólkum.

**Fannst ykkur þau skilja eitthvað?**

Leo: Já, ég held að Latínó sé mjög klár, bókin datt og hann tók hana í munnum og skilaði henni til mínu.

**Tianyu:** Salka hreyfði sig mikil fyrst en svo varð hún meira afslöppuð og hlustaði á mig.

**Eigð þið gæludýr sem þið lesið fyrir?**  
Leo: Við eignum kött en við höfum ekki prófað að lesa fyrir hann.

**Tianyu:** Kötturinn heitir Sebastian.

**Hvað ætlid þið að gera skemmtilegt í sumar?**  
Leo: Spila fótbalta og fara í heimsókn til ömmu og afa í Frakklandi. Mig langar að fara til Spánar líka.

**Tianyu:** Við ætlum að leika okkur mikil. Verðum í sumarskóla og svo í Frakklandi. Mig langar líka til Mexikó.

## Listaverkin



### Melkorka Björk Kjartansdóttir

teiknaði þessa mynd af fjólu og sóley og regnboga með gull á endanum.



### Birna Hall

bjó líka til regnboga og hafði hann fjólubláan en blómið hennar er marglitt.



NETTÓ KJÚKLINGUR HEILL

**696**

ÁÐUR 849 KR/KG



ÍSFUGL BBQ  
KJÚKLINGALEGGIR  
**850**  
ÁÐUR 895 KR/KG

**-25%**

FERSKT  
NAUTA PIPARSTEIK  
ÍSLENSK  
**3.449**  
ÁÐUR 4.598 KR/KG




FERSKT  
GRÍSAPOTTRÉTTUR Í  
SVEPPASÓSU  
**1.980**  
ÁÐUR 2.329 KR/KG

**-25%****-30%****-30%**

HAFRABRAUÐ  
LÍFRÆNT  
**384**  
ÁÐUR 549 KR/STK

*Fint á grillið***-20%**

SS LAMBALÆRI  
SAGAÐ - FROSÐ  
**1.278**  
ÁÐUR 1.598 KR/KG



DR. PEPPER  
33 CL - DÓS  
**129 KR  
STK**

**Tilboðin gilda 7. - 10. apríl 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss  
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrvall getur verið breytilegt milli verslana.

# BONUS BONUS BONUS



**629**  
kr. 518 g

Cheerios Morgunkorn  
518 g



**798**  
kr. 1 kg

Kelloggs Corn Flakes  
1 kg - Verð áður 849 kr.



**279**  
kr. 450 g

Euro Shopper Tortilla Chips  
450 g, 2 tegundir



**309**  
kr. stk.

Myllan  
Lífskornabrauð  
450 g, 3 tegundir



**98**  
kr. 145 g

Maryland Kex  
145 g, 4 tegundir



**98**  
kr. 40 g

Pringles Snakk  
40 g, 3 teg.



**198**  
kr. stk.

Bónus Ostaslaufa  
120 g



**198**  
kr. 400 g

Wewalka Pizzadeig  
ferskt, 400 g



2 dósir  
í pakka

Wewalka American  
Pizzadeig, ferskt, 550 g



**598**  
kr. 200 ml

Batiste Purrsjampó  
200 ml, 5 tegundir



**198**  
kr. 500 ml

Gunry Handsápa  
4 teg., 500 ml



**1.698**  
kr. pk.

Nivea Dag- og Næturkrem  
2x50 ml



Verð gilda til og með **10. apríl** eða meðan birgðir endast

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Mexíkó kjúklingasúpa

4-5 kjúklingabringur skornar í bita og steiktar  
1 rauð paprika skorin í bita  
1 græn paprika skorin í bita  
2 gulrætur skornar í þunnar sneiðar  
1/2 blaðlaukur skorin í þunnar sneiðar  
4-5 hvítlaufsgeirar saxaðir  
1 laukur saxaður  
1 grænt eða rautt chili saxað (má sleppa)  
1 dós saxaðir tómatar  
1 1/2-2 tenigar af kjúklingakrafti  
2-3 tsk karry  
2,5 lítri vatn  
1 peli rjómi  
1-1 1/2 kruka af Heinz chili tómatsósu  
100-150 g rjómaostur  
Salt og pipar eftir smekk

## GOTT Í KVÖLDMATINN OG VEISLUNA

**CHICKEN BREAST FILLETS** 270 kr. verðlækkun 159 kr. pk.

**BAGUETTE WITH GARLIC FILLING** 2 stkr í pakka

**DICED TOMATOES** 79 kr. 400 g

**HEINZ CHILI SAUCE** 279 kr. 340 g

## GOTT VERÐ Í BÓNUS



Íslandsnaut Ungnautaborgarar  
2x120 g, 2x140 g eða 4x80 g



KS Lambasúpkjöt  
Haustslátrun 2015



Bónus Spínat  
200 g, Spánn



Bónus Pepperoni, 153 g

Bónus Samlokuskinka, 237 g



Rauðt Grape  
Tyrkland




Vatnsmelónur  
Brasilía

# BÓNUS EKKERT BRUÐI

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Norðaustan 5-13 m/s. Það léttir til á Suður- og Vesturlandi, en skyjað og dálitil él fyrir norðan og austan. Hiti 0 til 8 stig yfir daginn, kaldast í inn sveitum norðaustanlands.

## Heimurinn



## DJÚP SPOR

Artik kynnir

Nýtt íslenskt heimildarverk byggð á sönum atburðum eftir Jennyju Láru Árnórsdóttur og Jóel Sæmundsson

Leikstjóri Bjartmar Þórðarson

## Flóð & fjara

### Flóð Fjara

Reykjavík	13.50
01.30	-0,14m
07.38	19.59
4,41m	4,48m

### Akureyri

Akureyri	18.02
05.46	0,12m
11.59	0,13m
1,57m	1,64m

### Ísafjörður

Ísafjörður	15.56
03.36	-0,22m
09.33	-0,26m

### Tunglstaða



### Vaxandi


3%

## Reykjavík

### Sunnudagur




### Mánudagur



### Þriðjudagur



### Miðvikudagur



### Fimmtudagur



## Akureyri

### Sunnudagur



### Mánudagur



### Þriðjudagur



### Miðvikudagur



### Fimmtudagur



## Kirkjubæjarklaustur

### Sunnudagur



### Sólarlag

20.44

### Sólarupprás:

06.15

### Mánudagur



### Þriðjudagur



### Miðvikudagur



### Fimmtudagur



### Eftir Frode Óverli

Ég mun styðja því þeppu eins og öllu öðru vinur minn,

Hver sá sem getur hlustað á tónlist,

þorft á sjónvarpið og verið í tölvuleik

og í símanum samtímis ætti að geta klórað

sig fram úr einni skák!

## PONDUS



## GELGJAN



## BARNALÁN



FRUMSÝNING 31. mars 2016 Miðþáttanir á mið.is

REYKJAVÍK

Coca-Cola

Lotto



Innovation  
that excites

zero Emission

# NÝ 30 kWh RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGNI. KLÁRT.




Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF ACENTA 30kWh**

Verð: 4.290.000 kr.

**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.  
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN**



**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

GE bilar  
Reykjanesbær  
www.gebilars.is  
420 0400

Bilasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

**BL**

## Þetta er þriðji maðurinn sem er við tveir

**Myndlistarmenn-  
irnir Helgi Þorgils  
Friðjónsson og  
Eggert Pétursson  
opna í dag sýningu  
á verkum sem þeir  
hafa unnið saman  
fyrir bókverk.**

Magnús  
Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

